

**FÉLAGSPJÓNUSTA**  
RANGÁRVALLA- OG VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLU  
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella, s. 487-8125

---

**FUNDARGERÐ**

**1. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn þriðjudaginn 16.07.2018 á skrifstofu félagsþjónustunnar, Helli, kl. 16:30.**

Fundinn sátu: Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, Áslaug Einarsdóttir, Árný Hrund Svavarsdóttir, Gyða Björgvinsdóttir, Hrafnhildur Valgarðsdóttir, Arndís Fannberg, Kristín Ósk Ómarsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir, starfandi félagsmálastjóri ritaði fundargerð.

Formaður setur fund.

**Almenn afgreiðslumál**

1. Verkskipting félagsmálanefndar

*Kosning formanns: Félagsmálanefnd samþykkir samhljóða að Árný Hrund Svavarsdóttir gegni hlutverki formanns félagsmálanefndar á kjörtímabilinu. Kosning varaformanns: Félagsmálanefnd samþykkir samhljóða að Áslaug Einarsdóttir gegni hlutverki varaformanns. Kosning ritara: Félagsmálanefnd samþykkir samhljóða að Helga Lind Pálsdóttir, félagsmálastjóri gegni hlutverki ritara.*

2. Fundarmenn boðnir velkomnir og félagsmálastjóri er með stutta yfirlitskynningu á stöðu félagsþjónustunnar

*Farið yfir málaflokka og yfirlit yfir starfsemi félagsþjónustunnar.*

3. Reglur félagsmálanefndar um framsal valds.

*Reglurnar eru kynntar og bornar upp til samþykkis.*

*Félagsmálanefnd fer yfir reglur og leggur til að bætt verði við þær ákvæði um trúnaðaryfirlýsingu og að nefndarmenn/starfsmenn veiti heimild til að kallað verði eftir sakavottorði. Félagsmálanefnd mun samþykkja og skrifa undir reglur á næsta fundi.*

4. Reglur félagsmálanefndar um verkefni starfsmanna félagsþjónustunnar kynntar og lagðar fram til samþykkis.

*Félagsmálanefnd samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.*

*Handwritten signatures and initials:*  
AF, TB, AF, TB, AF, TB

## Húsnæðismál

1. Trúnaðarmál færð í trúnaðarmálabók

## Barnaverndarmál

1. Trúnaðarmál færð í trúnaðarmálabók
2. Trúnaðarmál færð í trúnaðarmálabók.

## Önnur mál

Bókun frá félagsmálanefnd.


Félagsmálanefnd vekur athygli á álagi á starfsmenn félagsþjónustunnar í ljósi vaxandi verkefna og þyngd einstakra mála, þá hafa verið tíð forföll starfsmanna vegna veikinda. Ljóst má vera að lagaumhverfi og kröfur til félagsþjónustu og barnaverndar eru sívaxandi og með væntalegum breytingum á félagsþjónustulögum, barnaverndarlögum og í málaflokki fatlaðs fólks sem og vegna nýrra laga um persónuvernd munu kröfur, verkefni og umsýsla starfsmanna félagsþjónustunnar fara vaxandi. Þá telur félagsmálanefnd nauðsynlegt að breyta núverandi fyrirkomulagi bakvaktar barnaverndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellsýslu, til samræmis við það sem tíðkast í öðrum barnaverndum. Félagsmálanefnd óskar eftir því að stjórn félags- og skólaþjónustunnar fundi með félagsmálastjóra og formanni félagsmálanefndar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.45

Næsti fundur er áætlaður 15. ágúst 2018


  
Auðbjörg B. Bjarnadóttir


  
Áslaug Einaradóttir

  
Hrafnhildur Valgarðsdóttir

  
Kristín Ósk Ómarsdóttir

  
Árný Hrunn Svavarsdóttir

  
Gyða Björgvinsdóttir

  
Arndís Fannberg

  
Helga Lind Pálsdóttir